

Mál nr. 90/2026

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.

Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Verslun og þjónusta.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. febrúar 2026, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags. 28. apríl 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum slasaðist M 9. nóvember 2024 þegar hún datt um kant í bílastæðahúsi X, lenti illa og margbrotnaði á ökkla. Með bréfi, dags. 25. febrúar 2025, gerði M kröfu um að tjón hennar yrði bætt úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Með bréfi, dags. 17. febrúar 2025, hafnaði V því að bótaskylda væri til staðar. Slysð yrði ekki rakið til vanbúnaðar eða augljósrar slyshættu heldur til óhappatilviljunar eða aðgæsluleysis M. Við þessa niðurstöðu fellir M sig ekki.

Í málskoti er byggt á því að slysð megi rekja til hættulegra og óforsvaranlegra aðstæðna á bifreiðarstæði X. Í fyrsta lagi hafi aðstæður á bílastæði X verið hættulegar þeim sem áttu þar leið um. Samkvæmt fyrirbyggjandi myndum sýni aðstæður á slysstað að um hafi verið að ræða 14 cm hæðarmismun kantsins og yfirborðs annarra bifreiðastæða. Þá sé umræddur kantur staðsettur á eðlilegri gönguleið viðskiptavina um bílastæðahúsið þegar komið er niður tröppurnar frá inngangi byggingarinnar. Eftir slysð hafi verið fyllt upp í kantinn svo bílastæðið sé í samfellu við hliðstætt bílastæði. Úrbætur hafi því verið gerðar eftir slys M. Auk þess vísar M til þess að engar viðvaranir eða merkingar hafi verið við kantinn á slysdegi. M vísar til 1. mgr. 12.10.1 gr. og 2. gr. og 3. mgr. gr. 6.2.2 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 199.2 og 199.3 gr. eldri byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Ekki sé þó hægt að gera þá kröfu til X að hann lagi húsnæði sitt að nýjum kröfum í byggingarreglugerð á hverjum tíma en líta verði til skyldu X til að tryggja örugga aðkomu og forða slyshættu í fasteignum þar sem veitt er þjónusta, en í umræddu húsnæðis X sé rekin gríðarstór þjónustustarfsemi. Þá bendir M á að slysð hafi átt sér stað við bílastæði fyrir hreyfihamlaða en um frágang þeirra gildi 6.2.4. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Þar segi m.a. að hindrunarlaus leið skuli vera frá bílastæðum hreyfihamlaða að aðalinngangi bygginga. Mælst sé til þess að bílastæði séu upphækkuð í gangstéttarhæð og tengd gönguleiðum þar sem því verður við komið. Kanturinn skuli ekki vera hærri en 25 mm til þess að auðvelda aðgengi. Samkvæmt fyrirbyggjandi myndum sem teknar hafi verið á slysstað hafi kanturinn verið umtalsvert hærri á slysdag. X hafi því brotið gegn ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Þá bendir M á að auknar skyldur séu lagðar á eigendur og umráðamenn fasteigna, þar sem rekin sé starfsemi sem laðar að neytendum eða veitir þjónustu, um að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem þar eiga leið um. M vísar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 419/2007 og 635/2006 og dóms Landsréttar í máli nr. 11/2019. Auðvelt hefði verið fyrir X að vara við eða bæta úr aðstæðum á slysstað til að tryggja öryggi almennings, líkt og gert var í kjölfar slyss M með því að fylla upp í hæðarmismuninn. Með hliðsjón af framangreindu telur M slys vera bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X.

Í athugasemdum V var vísað til þess sem fram kemur í höfnunarbréf V. Í því er byggt á að slys M verið alfarið rakið til óhappatilviljunar eða aðgæsluleysis M og bótaskylda sé af þeim sökum ekki til staðar úr ábyrgðartryggingu X. M beri sönnunarbyrðina fyrir því að slysð megi rekja til saknæmrar háttsemi af hálfu X og að orsakasamband sé á milli háttseminnar og tjónsins. Af hálfu X sé því hafnað að aðstæður á umræddu bílastæði hafi ekki uppfyllt kröfur samkvæmt þágildandi og núgildandi byggingarreglugerðum. Að mati V hafi ekki verið sýnt fram á að aðstæður á vettvangi hafi verið í andstöðu við þær reglur sem vísað hefur verið til. Ekki sé að sjá að nein slyshætta hafi verið til staðar á slysdegi og því hafnað að þær úrbætur sem hafi verið gripið til í kjölfar slyssins feli í sér viðurkenningu á bótaskyldu atviki. Þá hafnar V þeirri fullyrðingu sem fram komi í beiðni um afstöðu að skv. gr. 6.2.4 í byggingarreglugerð hafi umræddur kantur ekki mátt vera hærri heldur en 25 mm. Bent er á að í ákvæðinu, eins það var í gildi á slysdegi segi að þar sem því verður við komið skuli stæðum fyrir hreyfihamlaða komið fyrir á svæðum sem eru upphækkuð í gangstéttarhæð og tengd gangstéttum, líkt

og raun ber vitni á slysdegi. V fellst ekki á að um vanbúnað eða augljósa slysaættu hafi verið að ræða né heldur að tilvitnuð ákvæði byggingarreglugerðar eða dómar um ríka ábyrgð fasteignareigenda í verslunarhúsnæði hafi þýðingu í málinu.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á líkamstjóni M. Eins og að framan greinir byggir M skaðabótakröfu sína á því að aðstæður á bílastæði við húsnæði X hafi verið óforsvaranlegar á meðan V byggir höfnun sína á að ósannað sé að eitthvað athugavert hafi verið við aðstæður á slysstað. Mögulegur bótaréttur byggir á því að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli sakarreglunnar eða reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Þær bótareglur byggja m.a. á því að M beri sönnunarbyrðina fyrir því að tjón hennar verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á.

Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu er ekki ágreiningur milli aðila um það hvernig slys M bar að, þ.e. að M hafi gengið fram af kanti í bílastæðahúsi X, lent illa og margbrotnað á ökkla. Hins vegar er í gögnum málsins ekki að finna neina frekari lýsingu á atvikum máls og þá varpa þær myndir sem lagðar hafa verið fram í málinu ekki frekara ljósi á málsatvik. Myndirnar eru óskýrar og þá er ekki útskýrt í málskoti hvað myndirnar eiga að upplýsa, t.d. liggur ekki fyrir hvar nákvæmlega slysið varð né á hvaða leið M var þegar hún datt, hvort hún hafi verið á leið í bílinn sem lagt var í stæði fyrir hreyfihamlaða.

Með hliðsjón af framangreindu hefur M að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að aðstæður á slysstað hafi verið óforsvaranlegar. V hefur í málinu byggt á því að aðstæður á umræddu bílastæði uppfylli þær kröfur sem bæðir eru gerðar í þágildandi og núgildandi byggingarreglugerð. M hefur ekki tekist að sýna fram á hið gagnstæða í málinu.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að M hafi ekki tekist að sanna að slys hennar verði rakið til saknæmrar háttsemi sem X geti borið skaðabótaábyrgð á. Því telst bótaskylda ekki vera til staðar úr ábyrgðatryggingu X hjá V vegna slyss sem M varð fyrir þann 9. nóvember 2024.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu X hjá V.

Reykjavík, 2. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir